

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skinney Þinganes Hornafjörður



Dags eftirlits	17.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Skinney Þinganes	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Miðósi 17, Hornafirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4801692989	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Erlingur Brynjólfsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Inga Ingvadóttir	Staðsetning	684193,364 421481,264

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö ný frávík komu fram í eftirlitinu, annars vegar að grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir árið 2021 var ekki skilað á tilsettum tíma og hins vegar að niðurstöðum mælinga ársins 2021 á fitu, svifefnum og COD hefur ekki verið skilað. Auk þess voru fjórar nýjar ábendingar gerðar: A) Skrá skal upplýsingar um viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnarbúnaði, tæmingu fitugildru, magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar, notkun rotvarnarefna o.fl. og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila. B) Samræma þarf heiti m.a. á lýsistönkum og gæta þess að sömu heiti séu notuð í öllum gögnum. C) Mæla skal rennsli í frárennsli verksmiðjunnar. D) Fara þarf yfir útreikninga í skýrslu með niðurstöðum mælinga á fitu svifögnum og COD, frá 2020 og gæta þess að réttar upplýsingar séu sendar Umhverfisstofnun.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá fiskimjölsverksmiðju Skinneyjar-Þinganes á Höfn í Hornafirði. Erlingur Brynjólfsson, verksmiðjustjóri og Inga Ingvadóttir, gæðastjóri voru fulltrúar rekstraraðila og Freyr Ævarsson eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Fiskimjölsverksmiðja Skinneyjar-Þinganes er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 10. júní 2010 og gildir til 30. júní 2026.

Starfsleyfið heimilar að framleitt sé „fiskimjöl og lýsi úr fiski og fiskúrgangi í verksmiðjunni. Einnig er heimilt að vinna meltu frá hraðfrystihúsi rekstraraðila.“ Heimilt er að framleiða úr 900 tonnum af hráefni á sólarhring.

Lóð verksmiðjunnar er á samþykktu deiliskipulagi (Deiliskipulag Hornafjarðarhafnar við Ósland).

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
4. Önnur mál
5. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Við eftirlitið var ekkert frávík opið.

Ræddar voru ábendingar sem komu fram í síðasta eftirliti:

a) Rekstraraðili skal skv. starfsleyfi, skrá „viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnarbúnaði þ.e. lyktareyðingarbúnaði, fitugildru og öðrum hreinsibúnaði fyrir frárennsli.“ Reikningur vegna losunar á fitugildru í nóvember 2021, lá fyrir og haldið er utan um aðrar skráningar í tölvukerfi. Rekstraraðila er bent á að hafa skráningar aðgengilegar eftirlitsaðilum.

b) „Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun þykktarmælingar og niðurstöður þrýstiprófana.“ Þykktarmælingar voru sendar fyrir þrjá geyma og hefur notkun þeirra verið samþykkt. Rekstraraðila er bent á að gæta þess að heiti t.d. lýsisgeyma í skýrslum sem sendar eru, séu í samræmi við önnur gögn sem rekstraraðili hefur sent Umhverfisstofnun. Í skýrslunum eru heiti geymana; L5, L8 og S5 en í gögnum Umhverfisstofnunar eru þessir sömu geymar með númerin 6, 7 og 22. Búið er að fjarlægja geyma nr. 9, 20 og 21, auk þess hefur geymir nr. 23 verið aftengdur og verður hann fjarlægður fljótlega. Geymir 4 er ekki í notkun og var farið yfir að áður en hann verður notaður aftur þarf að þykktarmæla hann og fá samþykki Umhverfisstofnunar fyrir notkuninni. Auk þessara geyma er á lóðinni 1,1 m³ olíugeymir í eigu Olíudreifingar ehf. Engar niðurgögnar lýsislagnir eru á lóðinni.

2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Umhverfisstofnun mun nota niðurstöður áhættumatsins sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar ársins 2023.

3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta vegna ákveðinna brota gegn lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stofnunin getur lagt sektir á lögaðila, sem geta numið 25.000 til 25.000.000 kr. Ákvæðið er að finna í 67. gr. laganna.

4. Önnur mál

a) Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir árið 2020 var skilað á tilsettum tíma (þ.e. fyrir 1. maí).

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir árið 2021 var ekki skilað á tilsettum tíma og **er það frávik frá starfsleyfi.**

b) Vinnsla í verksmiðjunni stöðvaðist þann 7. febrúar 2022 vegna rafmagnsleysis. Þar sem olúkatlar hafa verið teknir niður er ekki hægt að keyra verksmiðjuna nema með rafmagni. Fyrstu fréttir voru að stöðvunin myndi vara í allt að 36 klst. Stöðvunin varði hins vegar mun skemur og voru gildi TVN mælinga sem teknar voru eftir stöðvunina öll innan marka starfsleyfisins.

c) Farið var yfir mælingar á fitu, svifefnum og COD. Rekstraraðila er bent á að yfirfara útreikninga í skýrslu með niðurstöðum mælinga 22.11.2020 og gæta þess að réttar upplýsingar séu sendar Umhverfisstofnun. Ekkert bendir til annars en að gildi í frárennsli frá verksmiðjunni séu vel innan þeirra marka sem tilgreind eru í starfsleyfi og því er einungis um ábendingu að ræða.

Engar upplýsingar um niðurstöður mælinga árið 2021 hafa borist Umhverfisstofnun og **er það frávik frá starfsleyfi.**

d) Vinna við endurnýjun hreinsivirkis er í gangi og eru áætluð verkok fyrir árslok.

5. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð verksmiðjunnar. Frárennsli frá verksmiðjunni var skoðað, m.a. sýnatökustaðurinn sem notaður er til að taka sýni vegna mælinga á fitu, svifefnum og COD. Ekkert athugasvert sást.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði í gr. 3.3 í starfsleyfi	Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var ekki skilað á tilsettum tíma.
ákvæðum í gr. 3.2 og 3.3 í starfsleyfi	Mæla skal fitu, svifagnir og COD í frárennsli og skila þeim mælingum með grænu bókhaldi.

ÁBENDINGAR


Fjórar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- A) Skrá skal upplýsingar um viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnarbúnaði, tæmingu fitugildru, magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar, notkun rotvarnarefna o.fl. og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila.
- B) Samræma þarf heiti m.a. á lýsistönkum og gæta þess að sömu heiti séu notuð í öllum gögnum.
- C) Mæla skal rennsli í frárennsli verksmiðjunnar. Ekki er fullnægjandi að áætla það út frá aflestrum af vatnsmælum.
- D) Fara þarf yfir útreikninga í skýrslu með niðurstöðum mælinga á fitu, svifögnum og COD, frá 2020 og gæta þess að réttar upplýsingar séu sendar Umhverfisstofnun.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.09.2022


Freyr A. Evarsson

